

Fimmtudagurinn 12. júní 1997 kl. 11:30

96. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/1997

Auglýsing Osta- og smjörsölnunnar sf. á Klípu

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 19. febrúar 1997, frá Karli K. Karlssyni ehf. þar sem kvartað er yfir sjónvarpsauglýsingu Osta- og smjörsölnunnar sf. á Klípu. Í auglýsingunni segir m.a.:

„Klípa er einfaldlega fituminnsta viðbitið, ofan á brauð“.

Kvartandi telur að auglýsingin brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga þar sem Klípa sé ekki fituminnsta viðbitið sem neytendum standi til boða.

Í erindinu kemur fram að heildverslun Karls K. Karlssonar er umboðsaðili fyrir Hellmann's majónes og að majónes sé víða notað sem viðbit. Nefnt er dæmi um að Bandaríkjamenn noti majónes sem viðbit á brauð og að fjöldi Íslendinga geri slíkt hið sama. Þá segir:

„Hellmann's Low Fat majónes hefur verið fáanlegt á Íslandi undanfarin misseri, og er markaðssett sem fitusnautt viðbit ofan á brauð og samlokur.“

Séu þessar tvær vörutegundir bornar saman skv. upplýsingum um innihald sem koma fram á umbúðum, kemur eftirfarandi samanburður í ljós:

<i>Innihald m.v. 100 g</i>	<i>Fita</i>	<i>Hita- einingar</i>	<i>Mettuð fita</i>
<i>Hellmann's Low Fat</i>	<i>5,9 g</i>	<i>147</i>	<i>0 g</i>
<i>Klípa</i>	<i>27 g</i>	<i>295</i>	<i>16 g</i>

Sé notaður sá mælikvarði að skoða hlutfall hitaeininga sem koma frá fitu (1 g fita = 9 hitaein.), er hlutfallið 36,12% í Hellmann's Low Fat, en 82,37% í Klípu. Hellmann's Low Fat majónes er því ótvírætt fituminna viðbit en Klípa, og skv. upplýsingum á þeim vörutegundum sem á markaðnum eru í dag, fituminnsta viðbit á Íslandi.“

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Karls K. Karlssonar var sent Osta- og smjörölunni til umsagnar með bréfi, dags. 19. febrúar 1997. Svar barst, dags. 25. febrúar sl., frá Ólafi Axelssyni hrl. fyrir hönd fyrirtækisins. Í svarinu mótmælir Osta- og smjörösalan því að brotið sé gegn 21. gr. samkeppnislaga þar sem auglýsingin standist fyllilega skv. íslenskum mál- og matarvenjum. Þá segir m.a.:

„...hvorki tíðkast að majónes sé skilgreint í íslensku talmáli sem viðbit né er um það að ræða að það sé almennt notað sem slíkt. Þá vill umbjóðandi minn benda á að ekki hefur verið sýnt fram á, að hugsanleg kynning Karls K. Karlssonar á majónesi sem viðbiti hafi orðið til að breyta þessum venjum.“

Með erindinu fylgdi, þessu til stuðnings, ljósrit úr Ensk-íslenskri orðabók Arnar og Örlygs frá 1984 þar sem orðið „mayonaise“ er þýtt sem „*olúsósa, majónes, majónsósa, sósa búin til úr eggjarauðum, jurtaolíu, ediki eða sítrónusafa og kryddi; notuð í salatsósur o.þ.u.l.*“

Einnig fylgdi ljósrit úr Íslenskri orðabók Menningarsjóðs frá 1983 þar sem segir um hugtakið viðbit „*feitiefni til að hafa með brauði eða öðrum þurrum mat.*“. Um framangreint segir síðan í svari Osta- og smjörölnnar:

„Af þessu má sjá að ekki er um sömu vöru að ræða. Annars vegar er um að ræða vöru eins og smjör og aðrar vörur sem líkja eftir smjöri eins og Klípa og falla undir þann skilning að teljast viðbit og hins vegar majónes, sýrður rjómi og fleira sem tíðkast hefur að nota sem fylliefni í sallöt og sósur ýmiskonar. Telur umbjóðandi minn að fullyrðing sú sem kemur fram í auglýsingunni, um að Klípa sé fituminnsta viðbitið ofan á brauð, standist af þessum ástæðum íslenskar mál- og matarvenjur og hafi ekki verið sýnt fram á að um sé að ræða rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingunni sem brjóti gegn

21. gr. samkeppnislaga. Hann telur ekki nægja til að hnekkja þessu, að líta til þess sem tíðkast í öðrum löndum eins og Bandaríkjunum þar sem allt aðrar venjur hafa myndast. “

2.

Svar Osta- og smjörsölunnar var sent Karli K. Karlssyni til umsagnar og barst svar fyrirtækisins í bréfi dags. 12. mars 1997. Í umsögninni er vísað er til þess að Osta- og smjörsalan álykti að viðbit megi kalla smjör og aðrar vörur sem líki eftir smjöri og síðan segir:

„Ætla má að sú vara sem upphaflega hafi verið skilgreind sem viðbit sé smjör. Smjör er upprunnið úr dýraríkinu, enda megin innihaldið rjómi. Síðan þá hafa fleiri vörur komið á markaðinn sem skilgreindar hafa verið sem viðbit, en eiga rætur að rekja til jurtaríkisins. Megin innihald þeirra er skv. innihaldslýsingum, vatn, jurtaolíur, undanrenna o.fl. Hér er um að ræða vörur sem leysa sömu þörf og smjörið gamla en eru hins vegar af allt öðrum toga.

Osta- og smjörsalan gerir ekki, frekar en aðrir, athugasemdir við að þessar vörur séu kallaðar viðbit. Þessar vörur hafa þó óneitanlega víkkað út hugtakið „viðbit“ og breytt skilningi manna á því hugtaki. Því þykir okkur einkennilegt, að Osta- og smjörsalan skuli gera athugasemd við að Hellmann's Low Fat sé skilgreint sem viðbit. Innihaldið er vissulega frábrugðið smjöri en Hellmann's Low Fat hefur alla þá eiginleika að það megi smyrja ofan á brauð. Majónes er notað af fjölda fólks á Íslandi í þeim tilgangi; nægir þar að nefna smurbrauðsstofur, samlokugerðir auk þess sem fjöldi einstaklinga smyr brauð og samlokur með majónesi í stað smjörs. Eðlilega hefur sá siður borist til Íslands frá öðrum löndum eins og svo margir aðrir.“

Í umsögninni er síðan ítrekað að fullyrðingin í auglýsingu Osta- og smjörsölunnar sé röng þar sem sýnt hafi verið fram á að til sé vara, Hellmann's Low Fat majónes, sem leysi sömu þörf með minna fituinnihaldi en Klípa. Að lokum segir:

„Það hlýtur að vera markmið með reglum um samkeppni og auglýsingar að neytendur standi frammi fyrir réttum upplýsingum þannig að þeir megi sjálfir velja þá vöru sem hentar þeim best til þess að uppfylla þarfir sínar á hverjum tíma. Neytendur einir hljóta að ákveða hvaða vara muni falla undir þá skilgreiningu að kallast viðbit með því að festa kaup á henni og nota hana sem slíka.

Orðabækur fyrri tíma munu ekki ráða merkingu hugtaka um aldur ævi. Skilningur manna á hugtökum mun að sjálfsögðu ráðast af nýjungum sem fram munu koma, framþróun í tækni og matvælagæð.“

Umsögn Karls K. Karlssonar var send lögmanni Osta- og smjörsölunnar til frekari athugasemda en engar bárust.

III.

Álit auglýsinganefndar og manneldisráðs

Erindi Karls K. Karlssonar hefur verið rætt á tveimur fundum auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, og m.a. var ákveðið að leita álits Manneldisráðs.

Álit Manneldisráðs er dagsett 23. maí 1997 og þar segir m.a.:

„Hellmann’s Low Fat majónes er augljóslega fituminna en Klípa. Jafnframt er ljóst að hægt er að smyrja brauð með Hellmann’s Low Fat majónesi rétt eins og öðrum vörum sem innihalda litla sem enga fitu. Viðbit er hvergi skilgreint í reglugerðum eða lögum um matvæli en upphafleg merking orðsins er feitmeti ofan á brauð. Majónes er feitmeti og þótt smjör og smjörlíki séu algengustu tegundir feitmetis sem notaðar eru á brauð hér á landi, eru þær engan veginn þær einu. Orðið viðbit er hins vegar lítið notað í nútíma íslensku, t.d. er það reynsla Manneldisráðs að ekki er hægt að nota orðið í mataræðiskönnunum þar sem fjöldi fólks veit ekki hvað það þýðir eða leggur mismunandi skilning í orðið.“

Á fundi auglýsinganefndar, þann 11. júní sl., var eftirfarandi samþykkt:

„Auglýsinganefnd vísar því til samkeppnisráðs hvort majónes teljist viðbit. Sé svo er Hellmann’s Low Fat majónes fituminna en Klípa og auglýsing Osta- og smjörsölunnar þar af leiðandi villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga.“

IV. Niðurstaða

Í máli þessu er kvartað yfir að fullyrðing í auglýsingu um að Klípa sé fituminnsta viðbitið standist ekki þar sem Hellmann's Low Fat majónes sé fituminna.

Í 21. gr. samkeppnislaga nr. 8 frá 1993 segir:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Óumdeilt er að Hellmann's Low Fat majónes er fituminna en Klípa en deilt er um hvort majónes geti talist viðbit eða ekki. Samkvæmt orðabók Menningarsjóðs er viðbit „*feitiefni til að hafa með brauði...*“. Þá segir í Íslenskri samheitaorðabók útgefni af Háskóla Íslands árið 1985 um samheiti viðbits „*feiti, feitmeti, feitæti, viðskera*“. Þá er vitað til að majónes er notað í stað smjörs af samlokugerðum o.þ.h.

Samkeppnisráð telur að majónes geti talist viðbit þar sem það er feitmeti notað ofan á brauð. Í ljósi þess að gögn málsins gefa það skýrlega til kynna Hellmann's Low Fat majónes er fituminna en Klípa telst auglýsing Osta- og smjörsölunnar villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga.

V. Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Osta- og smjörsölunni sf., Bitruhálsi 2, Reykjavík, að auglýsa Klípu sem fituminnsta viðbitið ofan á brauð þar sem slíkt sé villandi.“